

# Niðurstöður aðalfundar Eikar fasteignafélags hf. 2021.

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn mánudaginn 26. apríl 2021 kl. 16:00. Fundurinn fór fram rafrænt.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni [www.eik.is/hluthafar](http://www.eik.is/hluthafar).

## 1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2020.

## 2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2019

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,19 kr. á hlut fyrir árið 2020. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 650.000.000 kr. Arðsákvörðunardagur er 26. apríl 2021 og arðsréttindadagur 28. apríl 2021 sem þýðir að skráðir hluthafar félagsins í lok dags 28. apríl 2021 eiga rétt á arðgreiðslu í samræmi við framangreint. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2020, er 27. apríl 2021, sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag. Útborgunardagur er 6. maí 2021 og greitt verður í íslenskum krónum.

## 3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- Laun hvers stjórnarmanns nemi 350.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái 700.000 kr. á mánuði.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 35.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrir fram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 75.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrir fram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 60.000 kr. á mánuði og formaður tilnefningarnefndar fái 90.000 kr. á mánuði.

## 4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna við starfskjarastefnu félagsins og tillögu stjórnar með þeirri breytingu.

## **5. Kosning félagsstjórnar**

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Hersir Sigurgeirsson
- Kristín Friðgeirsdóttir
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

## **6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags**

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf. yrði endurkjörið endurskoðunarfélag Eikar fasteignafélags hf.

## **7. Heimild til kaupa á eigin hlutum**

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en nemur verði síðustu óháðu víðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Hærra endurgjald er þó heimilt ef víðskipti eru gerð af víðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

## **8. Önnur mál sem löglega eru fram borin**

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 17:15.